

25. gr.

42

Brot gegn reglugerð þessari varða sektum 20 til 1000 krónum, nema þyngri refsing liggi við eftir almennum lögum. Sektirnar renna í hafnarsjóð.

7. marz

26. gr.

Mál út af brotum á reglugerð þessari skal fara með sem almenn lögreglumál.

27. gr.

Með þessari reglugerð er felld úr gildi reglugerð fyrir notkun bryggju í Hofsós frá 21. des. 1931.

Reglugerð þessi er hér með sett samkvæmt lögum nr. 24 13. janúar 1938, um hafnargerð á Hofsós, til að öðlast gildi 1. apríl 1939, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. marz 1939.

Skúli Guðmundsson.

Páll Pálmason.

REGLUGERÐ

43

um framkvæmd og eftirlit með verðlagi á vörum.

7. marz

Samkvæmt lögum nr. 70 frá 1937 hafa verið sett eftirfarandi ákvæði um framkvæmd og eftirlit með verðlagi á vörum.

1. gr.

Verðlagsnefnd hefir eftirlit með því, að ákvörðunum um hámarksverð eða hámarksálagningu sé fylgt. Ennfremur er ráðherra heimilt að fela lögreglustjórum eða tollgæzlumönnum eftirlitið eftir því sem nauðsynlegt kann að þykja.

2. gr.

Skal eftirlitsmönnum heimilt að krefjast hverra þeirra upplýsinga, er þeir telja nauðsynlegar við framkvæmd eftirlits samkvæmt 1. gr. Þar á meðal skal þeim heimill aðgangur að vörubirgðum, bókum og skjölum varðandi verzlunina, enda séu eftirlitsmennirnir bundnir þagnarskyldu samkvæmt 7. gr. framangreindra laga.

3. gr.

Við eftirlit sitt skulu eftirlitsmenn færa athugasemdir sínar í sérstakar gerðabækur, og skal þeim heimilt að krefjast þess, að verzlunareigendur eða fulltrúar þeirra kvitti fyrir að bókun um innkaupsverð og útsöluverð sé rétt.

4. gr.

Allir þeir, sem selja vörur beint til neytenda og verðlagsákvæði hafa verið sett um, skulu, að svo miklu leyti sem því verður við komið, merkja vörunar með útsöluverði eða auglýsa útsöluverðið á svo áberandi hátt á sölustaðnum, að auðvelt sé fyrir viðskiptamennina að lesa það.

Á þetta undantekningarlaust við um þær vörur, sem settar eru til sýnis í búðargluggum, sýningarkössum eða á annan hátt.

Verðið má setja á vöruna sjálfa á viðfestan miða, eða á umbúðir vörunnar.

43

7. marz

5. gr.
Brot gegn reglugerð þessari varðar þeim sektum og viðurlögum, sem ákveðin eru í framangreindum lögum.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. marz 1939.

Skúli Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

44

7. marz

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Ólafs Eiríkssonar kennara“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum 7. marz 1939, af dóms- og kirkjumálaráðherra.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ólafs Eiríkssonar kennara.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Ólafs Eiríkssonar kennara“ og er stofnaður af Austur-Eyfellingum (þ. e. íbúum Austur-Eyjafjallahrepps í Rangárvallasýslu) vorið 1938, til minningar um langt og farsælt kennarastarf hans þar í hreppnum.

2. gr.

Sjóðurinn er nú að upphæð kr. 300.00. — Geta honum, auk tilfallandi vaxta, hlotnast tekjur af gjöfum og áheitum, er menn kynnu að vilja láta hann njóta.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er, samkvæmt ósk þess, sem hann er stofnaður til minningar um (en hann lætur nú af barnakennslu í hreppnum, eftir að hafa haft hana á hendi samfleytt síðan um aldamót), að með tímanum og samkvæmt 4. gr. megi verja af fé hans nokkurri upphæð til þess að kaupa og fullkomna kennsluáhöld við skóla hreppsins, eftir því sem fyrir hendi er og rétt og gagnlegt þykir.

4. gr.

Fé sjóðsins skal geymast og ávaxtast á tryggilegan hátt, í banka eða sparisjóði, og skulu fyrstu 10 árin allir vextir leggjast við stofnféð. Síðan má um 15 ára bil veita úr sjóðnum eða safna saman til þess hálfum vöxtunum, árlega eða með millibili, en hálfir vextirnir leggjast áfram við stofn. Eftir alls 25 ár má verja til útgreiðslu þrem fjórðu hlutum vaxtanna, allt í þeim tilgangi, sem 3. gr. ræðir um; einn fjórði hluti vaxta leggst þá æfinlega við sjóðinn, unz stjórn sjóðsins með samþykki sýslunefndar Rangárvallasýslu telur hann orðinn nóg vaxinn, og má þá nota alla vextina. — Ef ekki er veitt úr sjóðnum einhver ár, fleiri eða færri, eða ef ekki þykir þess þörf, leggjast vextir ávallt við höfuðstól.